

Ágæti viðtakandi,

2017-09-35

08.03.2019

Efni: Fundarboð

Með fundarboði þessu er boðað til fjórða fundar í hagsmunaráðs Landsnets og verður fundurinn í formi vinnustofu í samræmi við það sem kynnt var á fundi ráðsins þann 31. janúar sl. Efni sem tekið verður til umfjöllunar á fundinum eru:

- **Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis:**
 - Frá sjónarhorni afhendingaröryggis
 - Mótun kerfisáætlunar m.t.t. stefnu
- **Vindorka:**
 - Hvert á hlutverk Landsnets að vera?

Við höfum fengið sérfræðinga í vinnustofufyrirkomulagi frá Capacent með okkur í lið, þau Ásu Karínu Hólm Bjarnadóttur og Sigurjón Þórðarson en þau munu halda utan um hópavinnuna en frá Landsneti mun vel skipaður hópur sérfræðinga vera á staðnum.

Vinnustofan hefst kl: 10.00 en við bjóðum upp á kaffi og meðlæti frá kl: 09.30, verið velkomin. Áætlað að vinnustofan standi til kl: 12.00

Fundarstjórn; Páll Jensson, formaður hagsmunaráðs